

AUGLÝSING

um að út séu gefnir nýir 50 króna bankaseðlar samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands hefir samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928, gefið út handa Landsbankanum 50 króna seðla með svofelldri nýrri gerð:

Framan á seðlunum er prentað gildi þeirra og talan tilfærð með bókstöfum, svo og orðin: Samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928. LANDSBANKI ÍSLANDS. Eru þessi orð með dökkfjólubláum lit á marglitum skildi, en skjöldurinn á marglitum grunni í fjólublárri umgerð með skrautgreinum á. Fyrir ofan orðin er letrað nafn bankans: LANDSBANKI ÍSLANDS, en undir þeim stendur nafn formanns bankaráðsins og nafn eins af bankastjórunum, og eru nöfnin með rithönd þeirra. Vinstra megin við orðin er prentuð brjóstmynd Jóns Eiríkssonar, en hægra megin er vangamynd hans sem vatnsmerki í hvítum, kringlöttum reiti. Í öllum hornum er prentuð talan 50, er táknar gildi seðlanna; er hún með gráfjólubláum lit í dökkfjólubláum, ferhyrndum reiti innan við umgerðina. Aftan á seðlunum er hinn hvíti kringlötti reitur með mynd Jóns Eiríkssonar sem vatnsmerki í vinstra megin, en hægra megin er prentuð mynd frá höfninni í Vestmannaeyjum í kringlötttri umgerð, og eru upphafsstafir bankans „L“ og „Í“, skrautlega dregnir hvor til sinnar handar. Grunnflöturinn umhverfis er með brugðningum, og yzt er umgerð með skrautgreinum í, en innan við hana 50 í hverju horni, í kringlöttum skildi með skrautverki umhverfis í ferhyrndum smáreiti. Er bakhliðin öll prentuð með fjólubláum lit.

Hinir eldri 50 kr. seðlar, sem getur um í auglýsingu Stjórnarráðs Íslands, nr. 12, frá 24. júlí 1907, og auglýsingu nr. 57, frá 9. júlí 1925, gilda fyrst um sinn jafnframt hinum nýju.

Þetta birtist hér með almenningi.

Fjármálaráðuneytið, 7. ágúst 1936.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.